

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. desember 2007
2007120004/42-2
KHS/ph

Arnarhreiddur í Svelgsárhrauni - friðlýstar plöntur og plöntur á válista

Vísað er í bréf dags 5. desember sl. varðandi virkjun Svelgsár í Helgafellssveit, ásamt greinargerð Svelgs um virkjunina. Skipulagsstofnun hefur til umfjöllunar matsskyldu þeirrar framkvæmdar. Borist hafa athugasemdir frá Náttúrustofu Vesturlands þar sem vakin er athygli á því að 2 arnarhreiddur séu í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Einnig vekur Náttúrustofan athygli á því að í greinargerð framkvæmdaaðila komi fram að samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands séu hvorki friðlýstar plöntur né plöntur á válista að finna á svæðinu. Í greinargerð framkvæmdaaðila eru hins vegar engin gögn sem staðfesta að leitað hafi verið til NÍ vegna þessa.

Skipulagsstofnun óskar umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort svo kunni að vera að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á arnarhreiddur í nágrenni framkvæmdasvæðisins og hvort stofnunin geti staðfest að fullyrðing framkvæmdaaðila sé rétt um gróður á svæðinu.

Arnarhreiddur í Svelgsárhrauni

Ernir hafa orpið öðru hverju í Svelgsárhrauni frá 1985, síðast árið 2005. Þekktir eru tveir varpstaðir og eru þeir báðir í rúmlega 1 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Rask og umgangur tengdur framkvæmdum á varptíma arna kann að trufla arnarvarp eitthvað og fer það þá eftir því á hvaða tíma unnið verður að verkinu og hvernig verður að þeirri vinnu staðið. Ernir eru sérstaklega viðkvæmir á fyrri hluta varptíma (apríl - miður júlí). Að öðru leyti er ólíklegt að framkvæmdin muni hafa langtímaáhrif á arnarvarp í Svelgsárhrauni. Vegur um framkvæmdasvæðið, að inntakslóni mun að vísu gera þetta fremur afskekkt varpsvæði aðgengilegra og þyrfti e.t.v. að huga að því að takmarka umferð óviðkomandi um þennan veg ef ástæða þykir til.

Ef af virkjun verður er lagt til að framkvæmdaaðili ráðfæri sig við Náttúrustofu Vesturlands um hvort arnarvarp sé í hrauninu á þeim tíma og hagi framkvæmdum í samræmi við ráðleggingar stofnunarinnar.

Friðlýstar plöntur og plöntur á válista

Fullyrðingar framkvæmdaaðila um að "samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands séu hvorki friðlýstar plöntur né plöntur á válista að finna á svæðinu" er réttar svo langt sem þær ná. Grasafræðingar stofnunarinnar kannast ekki við að haft hafi verið sérstaklega samband við þá vegna þessa máls, svo þessi fullyrðing byggist væntanlega á birtum upplýsingum. Skv. upplýsingum grasafræðinganna Harðar Kristinssonar og Starra Heiðmarssonar eru hvorki friðlýstar plöntur né plöntur á válista í ÞEIM REIT (10x10 km = 100 ferkm) sem

framkvæmdasvæðið er í. Afar fáar athuganir eru í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar frá jörðinni Svelgsá, þ.e. í nágrenni framkvæmdasvæðisins, og nánast ekkert verið skráð nema nokkrir tugir mosasýna og lúpína. Hvorki háplöntur né fléttur hafa verið skráðar þar svo nokkuð sé á byggjandi. Það eru því engar forsendur til að meta eða vita með vissu hvort sjaldgæfar plöntur sé að finna á framkvæmdasvæðinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Með góðri kveðju

Kristinn Haukur Skarphéðinsson



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS